



Fjölbrautaskóli Suðurlands

LIME2MM05

Listir og Menning 2

Vorönn 2026

kennarar:	Anna Kristín Valdimarsdóttir, AKV, annakristin@fsu.is
	Guðbjörg Bergsveinsdóttir, GB, guðbjörgbergsveinsdottir@fsu.is

Áfangalýsing:

Nemendur skoða áhrif lista og skapandi greina á atvinnu- og nýsköpun. Markmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á hvernig listir tengjast atvinnusköpun og samfélagsþróun og efla hæfni sína til list- og nýsköpunar. Nemendur rannsaka viðfangsefnin með ábyrgum og sjálfstæðum hætti. Ásamt því að taka þátt í hinum ýmsu menningarviðburðum í nærumhverfi skólans. Áfanginn er breytilegur milli anna því hann tekur mið að því sem er um að vera í samfélaginu það skiptið.

Undanfari: LIME1IN05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- rótum, áhrifum og tilgangi lista og menningar í nútímasamfélagi og sögulegu samhengi.
- hvernig stefnur og straumar í listum taka sífellt breytingum.
- uppbyggingu, aðferðum, hugtökum og sérkennum mismunandi listgreina.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- tengja margvíslegar listir og listform við menningu, samfélag, náttúru og tækni.
- skoða og meta eigin gildi og viðhorf til margvíslegra listforma.
- nota mismunandi aðferðir í framsetningu verkefna, s.s. með því að tala, skrifa, teikna eða miðla á annan hátt.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja hlutverk menningar og sköpunar í eflingu skapandi greina.
- taka þátt í umræðum um menningu og listir.
- vera meðvitaður um ólíka upplifun og skoðanir fólks á mismunandi listformum.
- vinna með öðrum með umburðarlyndi og virðingu að leiðarljósi.
- fjalla um eigin verk og listrænar niðurstöður.

Námsefni:

- Engin kennslubók er í áfanganum en kennarar deila rafrænu efni með nemendum yfir önnina.
- Farnar verða ein eða fleiri vettvangsferðir á önninni.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar Kennsla hefst 8. janúar.	Námslota 1: Leikhús og kvikmyndir Kennari: Anna Kristín Námsáætlun áfangans kynnt Mögulega leikhúsferð á önninni, nánari upplýsingar síðar.	Verkefni 1-2 Skilaverkefni í bland við þáttökuverkefni.
5 - 8	2. -27. Febrúar Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar.	Námslota 2: Textíl/fatahönnun Kennari: Guðbjörg Skráp fyrir miðannarmatið 18. feb. Starfsþróunardagur í FÁ 27. febrúar. Kennsla fellur niður þann dag.	Verkefni 3-5
9 - 12	1.-27. mars. Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Námslota 3: Myndlist Kennari: Anna Kristín Heimsókn á Listasafn Árnesinga, dagsetning auglýst síðar	Verkefni 6-8 Skilaverkefni í bland við þáttökuverkefni.
13 - 16	7.- 30. apríl	Námslota: Hönnun Kennari: Guðbjörg Stórt hönnunarverkefni sem gildir 30% af lokaekunn.	Verkefni 9
17 - 19	4.- 24. maí Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí	Þáttaka og virkni Verkalýðsdagurinn 1. maí- kennsla fellur niður Skráp í kennslustundinni 13. maí	Ýmis þáttökuverkefni og menningar- upplifun

Sérreglur áfangans:

- Athugið að þetta er símatsáfangi og ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Skila þarf öllum verkefnum samkvæmt námsáætlun og verkefnalýsingum.
- Mikilvægt er að virða skilafrest verkefna. Ef nemandi skilar **of seint dregst 0,5** af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest ef ekki hefur verið samið um annað við kennara. **Að sjö dögum liðnum** umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærri

einkunn en **5** fyrir verkefni. Mikilvægt er að nemandi sé í góðu sambandi við kennara ef hann lendir í vandræðum með verkefnaskil.

- Gefin er einkunnin **0** fyrir verkefni sem ekki er skilað
- Til að standast kröfur áfangans þarf að ná að lágmarki 5 í meðaleinkunn verkefna.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar:

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kvikmyndir/leiklist	Verkefni 1: Kvikmynd 5% Verkefni 2: Leikhús 5% Smærri þátttökuverkefni, áhorf eða áheyrn	10%
Textíll/fatahönnun	Verkefni 3: Slow fasion and Fast Fashion 5% Verkefni 4: Textílendurvinnsla 5% Verkefni 5: Fatahönnuður 10%	20%
Myndlist	Verkefni 6: List í opinberu rými 5% Verkefni 7: Samfélag 5% Verkefni 8: List og menning 10% Smærri þátttökuverkefni og lífsreynsla	20%
Hönnun	Verkefni 9: Hönnun	30%
Þátttaka, virkni, áhugi og mæting	Áfanginn byggir að hluta á því að nemendur taka þátt í hinum ýmsu lista – og menningarviðburðum í nærsamfélagi skólans	20%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það? Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Anna Kristín Valdimarsdóttir og Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Selfossi, 8. janúar 2026